



Nefndasvið Alþingis,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 122/1970
komudagur 24.4.'98

Reykjavík, 24.04.98

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 559. mál

Af einhverjum ástæðum barst beiðni um umsögn um þetta mál ekki til ASÍ á tilsettum tíma. Beiðni um umsögn barst þann 21. apríl og þess krafist að umsögn hafi borist Alþingi fyrir hádegi þann 24. apríl. Þessi frestur er því mjög naumur.

Eins og kunnugt er dró Alþýðusamband Íslands fulltrúa sína út úr öllu starfi við verðlagningu á landbúnaðarvörum á seinni hluta ársins 1996. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að samtökin töldu að kyrrstaða hefði lengi ríkt í starfi að þessum málum og að þau markmið sem sett voru fram um hagræðingu innan þessara greina og öflugt verðlagsaðhald hefðu verið sett til hliðar. Það er öllum ljóst að það er mikil umframafkastageta í íslenskum landbúnaði og að íslenskir neytendur eru greiða allt of hátt verð fyrir landbúnaðarvörur vegna þessa skipulagsleysis. Á undanförunum mánuðum hafa síðan komið ítrekaðar fréttir um góða afkomu mjólkurbúa, sem sýnir að þær miklu hagræðingarkröfur sem settar voru á búin á árunum upp úr 1990 hafa skilað árangri, en þessar tölur sýna líka að það eru enn fyrir hendi miklir möguleikar til þess að ná fram enn meiri hagræðingu íslenskum neytendum og bændum til hagsbóta.

Það er ljóst að sú þróun sem komin var af stað í sambandi við hagræðingu og verðlagsaðhald í íslenskum mjólkuriðnaði hefur stöðvast. Verðlag á afurðunum hefur hækkað verulega umfram annað verðlag í landinu á undanförunum misserum. Frá ársbyrjun 1996 þegar ASÍ fór að huga að því að draga fulltrúa sína út úr þessu starfi hefur verð á mjólkurvörum skv. neysluvöruvísitölunni hækkað um 11,4% á meðan almennt verðlag hefur einungis hækkað um 4,7%. Það lítur því út fyrir að veruleg breyting hafi orðið á verlagsákvörðunum á mjólkurvörum og að öllum kostnaðartilefnum sé velt yfir á neytendur í gegn um verð á afurðunum.

Alþýðusamband Íslands kom ekki að gerð þess samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem frumvarpið byggir að hluta til á og ber ekki ábyrgð á þeim samningi á nokkurn hátt. Það er því undarlegt að sjá í 1. gr. frumvarpsins að gert sé ráð fyrir því að ASÍ skipi einn fulltrúa í svokallaða verðlagsnefnd búvara. Fari svo að ASÍ nýti sér ekki tilnefningarrétt sinn fái BSRB að tilnefna báða fulltrúa neytenda. Ekkert samráð var haft við ASÍ um þetta fyrirkomulag, enda er það opinber stefna

samtakanna að taka ekki þátt í starfi við verðlagningu á búvörum ef ekki er hægt að hafa áhrif á þróun þess umhverfis sem framleiðslan fer fram í. Sú skoðun nýtur viðtæks stuðnings innan ASÍ að bæði stjórnvöld og bændasamtökin hafi á undanförnum misserum reynt að standa í vegi fyrir breytingum í greininni eftir sömu aðferðum og markmiðum sem unnið var eftir á árunum eftir 1990. Fulltrúar ASÍ í þessu starfi töldu að ákvarðanir um verðlagningu væru smám saman að færast yfir í sjálfvirka framskrift á verði eftir kostnaðartilefnum og því hefðu samtök eins og ASÍ ekkert að gera í þessu samstarfi. Ekki verður annað séð en að nýgerður búvörusamningur framlengi að mestu leyti núverandi ástand í þessum málum fram til ársins 2005. Það verður allavega ekki séð að miklar breytingar séu framundan í hagræðingu í greininni eða að ákvæði GATT-samningsins um innflutning verði notuð til þess að veita innlendum framleiðendum aðhald í sambandi við verðlag á framleiðslunni.

Alþýðusambandi Íslands er kunnugt um að deilur eru uppi um afgreiðslu búvörusamningsins innan Bændasamtaka Íslands og eftir því sem við best vitum hefur kæra verið send til landbúnaðarráðherra vegna afgreiðslu samningsins og mögulegra vandkvæða vegna samspils samningsins og stjórnarskrárinnar. Nú hefur löggjafinn fyrir stuttu síðan hlutast einhliða til um reglur um atkvæðagreiðslur innan verkalyðsfélaga og samtaka atvinnurekenda. ASÍ telur nauðsynlegt að gengið sé ítarlega úr skugga um að atkvæðagreiðslur um búvörusamning, þar sem verið er að ákvarða um verulegar fjárupphæðir, séu með þeim hætti að ekki sé um nein álitamál að ræða. Þar að auki er nauðsynlegt að ganga tryggilega úr skugga um að ekki sé um nein vafamál að ræða í sambandi við samspil stjórnarskrárinnar og búvörusamningsins.

Alþýðusamband Íslands leggur því til að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað þar til öllum þeim spurningum sem að ofan greinir hefur verið svarað með ótvíræðum hætti. Eins og áður segir hefur Alþýðusamband Íslands ekki komið að samningsgerð þeirri um búvörusamning sem frumvarpið byggir á. Sambandið telur því ekki rétt að tjá sig ítarlega um innihald frumvarpsins en lætur þær almennu vangaveltur um allt umhverfi málsins sem greinir hér að ofan nægja.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands,



Ari Skúlason,
Frankvæmdastjóri ASÍ